

Að mati Rafbílasambands Íslands þarf að huga að eftirfarandi við lokadrög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta (ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.)

Ívilnun fari eftir stærð rafhlöðu en ekki verði bíls.

Núverandi fyrirkomulag veldur rangri verðmyndun á markaði, bílar með stærri rafhlöðu lenda yfir verðpakinu og greiða þar af leiðandi virðisaukaskatt af hluta kaupverðs. Einnig veitir þetta kerfi afslátt af aukabúnaði, tveir bílar með sömu rafhlöðustærð, annar með grunnbúnað hinn með allan aukabúnaði, sá dýrari með aukabúnaðinn fær ívilnun af aukabúnaðinum og því óeðlilegan afslátt.

- Við leggjum til að ívilnun sé föst krónutala á hverja kWst stærðar rafhlöðu. Krónutöluna má svo lækka með fjölda hreinorkubifreiða á markaði.
- Þar sem tilgangur ívilnana er að niðurgreiða rafhlöðuna er rökréttast að miða ívilnunina við rafhlöðustærð en ekki verð bifreiðar.
- Með lækkun grunn krónutölnunnar með fjölda bíla, er innbyggður hvati til að flýta orkuskiptum.
- Auk þess er hvati til að kaupa frekar stærri rafhlöðu og þar af leiðandi lengra drægi á kostnað íburðar.
- Óeðlileg verðmyndun bíla vegna núverandi þaks á ívilnunum getur fælt fólk frá kaupum á dýrari rafbílum þar sem afföllin verða of mikil.
- Þessi tillaga gengur fyrir öll farartæki, hvort sem það er fólksbíll, bifhjól, fjórhjól eða flutningabíll.

Bílar sem fluttir eru á milli markaðssvæða njóti ekki ívilnana.

Þar sem bílar sem fluttir eru á milli markaðssvæða falla úr ábyrgð og ekki er fylgst með innköllunum teljum við það varða við neytendavernd að draga úr innflutningi þessara bíla.

- Bílar falla úr ábyrgð, sem getur valdið því að viðhaldi sé illa sinnt.
- Það er á ábyrgð eiganda þessara bíla að fylgjast með innköllunum, og eigandinn veit ekki hvar hann á að fylgjast með slíkum málum. Þetta getur valdið því að hættuleg öryggisatriði séu ekki lagfærð.
- Hleðslumál: Nú hefur staðallinn CCS orðið ofan á í hraðhleðslu og framleiðendur langflestir farnir að nota þann staðal. Þessi staðall er mismunandi milli Evrópu og Ameríku, og ekki er talið öruggt að nota millistykki frá þriðja aðila við hleðslu.




Hætt verði að gefa afslátt af aðflutningsgjöldum mengandi bíla.

Í dag eru greidd aðflutningsgjöld af bílum með uppgefna losun umfram 90 gr CO₂ samkvæmt samræmdu prófunaraðferðinni (WLTP). Við leggjum aftur á móti til að byrjað sé að greiða gjöld strax við 1 gr. útblásturs en útreikningur verði að öðru leyti sá sami og í dag.

- Þessi 90 gramma afsláttur veldur því að bílar með tiltölulega lítinn uppgefinn útblástur eru ódýrari en eðlilegt getur talist og hreinorkubílar eiga erfiðara að keppa við þá í verði.
- Lítilsháttar hækkun á verði bíla myndi ná fyrr fram verðjöfnuði milli hreinorkubíla og jarðefnaeldsneytisbíla. Og þannig draga úr nýliðun jarðefnaeldsneytisbíla, og mögulega stuðla að fækkun bíla almennt. Ennfremur má búast við að betri nýting náist á þeim bílum sem eru til í landinu, auk þess sem fleiri myndu nýta sér bíllausar lausnir.


Enginn afsláttur af vörugjöldum



Viðbótaraðgerðir.

- Gæta þarf að verð jarðefnaeldsneytisbifreiða sé tekið úr neysluvísitölu, og verð rafbíla sett inn í staðinn. Hækkun gjalda á vöru sem við viljum fá úr umferð á ekki að hafa áhrif á verðbólguna í landinu.
- Til að verðleggja jarðefnaeldsneytisbíla út af markaði er hægt að ganga skrefinu lengra og í átt að kerfi Norðmanna. Hækka mætti aðflutningsgjöldin í þrepum árin 2023, 2024 og 2025 til að ná fram markmiðum. Þá eru komnir mun fleiri hreinorkubílar á markað og allir ættu að finna bíl við hæfi. Til að markmið Parísarsáttmálans náist dugar ekki að hætta að flytja bílana inn árið 2030, það þarf að draga úr nýliðun mun fyrr, öflugasta leiðin til þess er með auknum aðflutningsgjöldum.

Hagsmunagæsla ákveðinna samtaka má ekki trompa hagsmunum þjóðarinnar í heild sinni og skammtímahagsmunir bifreiðainnflytjenda verða að víkja fyrir skuldbindingum ríkisins í loftslagsmálum okkur öllum til heilla.



F.h. stjórnar Rafbílasambands Íslands,
Jóhann G. Ólafsson
Hulda Mjöll Þorleifsdóttir

Finna má nánari útlistun á tillögum okkar í *Ályktun Rafbílasambands Íslands í tilefni af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum* hér: <http://www.rafbilasamband.is/utgafa/>

